



*Fundargerð
Svæðisráð norðursvæðis
14. mars 2016 kl 13:15
Símafundur*

Mætt:

Grétar Ingvarsson fulltrúi samtaka útivistarféлага, Óli Halldórsson fulltrúi Norðurþings og formaður, Böðvar Pétursson fulltrúi Skútustaðahrepps, Arnheiður Jóhannsdóttir fulltrúi ferðamálasamtaka og Ásvaldur Ævar Þormóðsson fulltrúi ferðamálasamtaka.

Óli stýrði fundi og ritaði fundargerð.

1. Ráðning þjóðgarðsvarða á norðursvæði.

Svæðisráð ræddi stöðu ráðninga þjóðgarðsvarða á norðursvæði í framhaldi af ákvörðunum sem fyrir liggja í fundargerðum svæðisráðs frá 9. feb. 2016 og stjórnar þjóðgarðsins frá 2. mars 2016. Fyrir fundinum lágu allar umsóknir sem bárust í starf þjóðgarðsvarðar í Ásbyrgi og einnig gögn sem Capacent hefur tekið saman eftir yfirferð umsókna. Með vísan til 8. og 9. laga nr. 60/2007 og málsmeðferðar síðustu vikna gerir svæðisráð norðursvæðis eftirfarandi tillögur til stjórnar að ráðningu þjóðgarðsvarða:

- a. Guðmundur Ögmundsson verði ráðinn í starf þjóðgarðsvarðar með starfsstöð í Ásbyrgi.*
- b. Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir verði ráðin í starf þjóðgarðsvarðar með starfsstöð í Mývatnssveit.*

Starfslýsing starfanna og útfærsla verkaskipta þjóðgarðsvarðanna verði unnin í samráði svæðisráðs og framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri sjái um frágang ráðninga og ráðningasamninga.

2. Önnur mál

- a. Svæðisráð vísar í tilkynningu Norðurhjara, ferðapjónustusamtaka, frá 13. mars 2016, þar sem skorað er á Vatnajökulsþjóðgarð og fleiri aðila að beita sér fyrir úrbótum í snjósmokstri. Svæðisráð tekur undir þessa ábendingu og fer þess á leit við Vegagerðina að snjósmokstur verði með viðunandi hætti í og við Ásbyrgi. Í þessu samhengi er sérstaklega bent á að frá páskum 2016 mun Gljúfrastofa verða opin á heilsársvísu og því aukin þörf á þjónustu.*

Þjóðgarðsverði falið að skrifa Vegagerðinni bréf þar sem þessu er komið á framfæri.

- b. Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka tilkynnti fyrir fundinn að hún ákveðið að draga sig út úr svæðisráði. Hún mun tilkynna það til ráðuneytis sjálf.*

Fundi slitið kl. 13:45